

## REGLUR

### **um breytingu á reglum nr. 153/2010 um takmörkun á inntöku nemenda í tilteknar námsgreinar við Háskóla Íslands.**

1. gr.

Í stað tölunnar „100“ í lok 1. másl. 1. mgr. 3. gr. kemur: 90.

2. gr.

Í stað orðanna „100 nemendur að hámarki“ í 1. másl. 3. mgr. 5. gr. kemur: 120 nemendur að hámarki.

3. gr.

Í stað tölunnar „7“ í lok 1. mgr. 7. gr. a. kemur: 8.

4. gr.

Á eftir 8. gr. bætist við ný grein, 8. gr. a., sem ásamt fyrirsögn orðast svo:

*Takmörkun á inntöku nemenda í námsgreinar lyfjafræðideildar.*

Fjöldi nemenda á 1. námsári til MS-prófs í klínískri lyfjafræði takmarkast við töluna 2. Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a. Röðun einkunna nemenda í námskeiðum og/eða aðaleinkunnar í MS-prófi í lyfjafræði.
- b. Námi að loknu BS-prófi í lyfjafræði.
- c. Birtingum í ritrýndum tímaritum.
- d. Meðmælabréfum.
- e. Viðtölum ef þurfa þykir.
- f. Inntökuprófi ef þurfa þykir.

Sérstök inntökunefnd lyfjafræðideildar annast val nemenda.

5. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fengnum tillögum fræða-sviða og deilda háskólans, eru settar samkvæmt heimild í 3. og 4. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast þegar gildi og verður 3. gr. reglnanna beitt strax en 1., 2. og 4. gr. verður beitt frá og með háskólaárinu 2016-2017.

*Háskóla Íslands, 26. janúar 2016.*

**Jón Atli Benediktsson.**

---

*Pórður Kristinsson.*